

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 11. október 2022 klukkan 15:56

**Titill**

Stuttur kveikur Skalla-Gríms

**Höfundur**

Bergsveinn Birgisson (1971)

**Tímarit**

Ritið : tímarit Hugvísindastofnunar  
12. árgangur 2012  
3. tölublað: Hugræn fræði  
Bls. 43-66

**Vefslóð**

<https://timarit.is/gegnir/001295625>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

## Stuttur kveikur Skalla-Gríms

### Tvær umþenkingar um hugræn fræði

#### *I Inngangsorð*

Fyrsta orðið sem dóttir mín lærði var „ulla“. Orðið var tengt hreyfingunni að reka út úr sér tunguna. Eitt sinn er við ókum í bílnum og ég skipti um geisladisk, heyrðist úr baksætinu: „ulla, ulla!“ Máli sínu til rökstuðnings benti hún á geisladiskinn. Hún var að segja að geislaspilarinn (eða bíllinn) væri að „ulla“, með því að reka út úr sér hlutinn. Þarna var dóttir mín nánast ómálga.

Samkvæmt skilgreiningu hugfræða bjó hún til líkingu (e. *metaphor*), af þeirri ástæðu að hún skildi „eitt í gegnum annað“.<sup>1</sup> Hún yfirfærði (e. *projected*) eina hreyfingu yfir á aðra, og í ljósi þess að með þessum hreyfingum eru viss líkindi, þ.e. *eitthvað sem er inni, stingst út*, tókst mér að skilja hvað hún ætti við. Hún gaf mér það sem kallast í líkingafræðum „grounds“, eða það sem Þorsteinn Gylfason kallar *rök*, fyrir líkingu sinni. Í líkingu hennar má einnig finna það skipulagskerfi (e. *systematicity*) sem öll önnur líkinga-hugsun býr yfir.<sup>2</sup> Í fyrsta lagi er eitthvað sem passar ekki í líkingunni, t.d. eru geisladiskur og mannstunga afar ólík að formi. En þetta stendur ekki í vegi fyrir skilningi, því bæði líkingasmiður og líkingamóttakandi eru sammála um að *dylja* (e. *hide*) það sem passar ekki. Um leið er í líkingunni *kastað ljósi á* hreyfingu tveggja óskyldra fyrirbæra (e. *highlighted*). Þessi samanburður sem líkingin býður heim myndar nægileg rök svo aðrir geta skilið.

Skilgreiningu Þorsteins Gylfasonar á líkingu svipar mjög til fyrrnefndrar kjarna-skilgreiningar innan hugfræða, ef litíð er framhjá því að hann

<sup>1</sup> „The essence of metaphor is understanding and experiencing one kind of thing in terms of another“. George Lakoff og Mark Johnson, *Metaphors We Live By*, Chicago: The University of Chicago Press, 2003 [1980], bls. 5.

<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 10–13.

afmarkar líkinguna við hið sjáanlega tungumál, setningar eða setningahluta, eins og löng hefð er fyrir.<sup>3</sup> Þorsteinn hefði þó að öllum líkindum valið að kalla þetta tiltekna dæmi um hinn „ullandi bíl“ hvörf, sem var þýðing hans á „figurative/transferred meaning“. Til að gera langa sögu stutta er þó hæpið að stóla á þann aðskilnað í verki, og eins og Þorsteinn skrifar sjálfur, er samspil hvarfa (sem hann tengir við dauðar líkingar) og líkinga „flókið mál og afar erfitt viðureignar fyrir fræðimenn“. <sup>4</sup>

Það er vert að nefna tvennt í þessu samhengi. Í fyrsta lagi þá staðreynd að þótt skilgreiningar og það sem Þorsteinn kallar „skýringar á skilningi okkar á líkingum“ geti verið stórum hugsuðum nánast ofviða, þá er það hreinn og klár barnaleikur fyrir mannshugann að hugsa í líkingum. Hér tæpum við um leið á kjarna hugrænna líkingafræða eins og hann blasir við mér, þ.e. að líkingin gegnsýrir alla okkar hugsun, líkingahugsunin er okkar *eiginlega* hugsun; það að skilja eitt í gegnum annað er sjálft *conditio humana*. Með jafn breiðri skilgreiningu á líkingu og við finnum í hugrænum fræðum, má segja að jafnvel skynjun okkar sé líking, þ.e. við berum áreiti saman við eldri áreiti í skynmynstri okkar í því skyni að túlka þau (skiljum eitt gegnum annað), og geta má þess að skilgreining sálfræðinga á „constructual“, sem Kristján Kristjánsson þýðir sem *viðborf*, er á sömu lund. Til dæmis segir um konu haldna kóngulóarfælmi að „Viðhorfið [hennar] felst í því að *sjá* eitt (hér: kóngulær) *sem* eitthvað annað (skaðræðiskvikindi)“. <sup>5</sup>

Nefna mætti annað dæmi þar sem hugsun Þorsteins um líkingar svipar til þeirrar sem við finnum í hugfræðum. Hann kemst að þeirri niðurstöðu í grein sinni „Líkingar og hvörf“ að rök fyrir líkingum séu utan máls.<sup>6</sup> Hér eru hugfræðingar á sama máli, og tefla fram lykillhugtaki hugrænna líkingafræða, hugtakslíkingunni (e. *conceptual metaphor*) því til nánari stuðnings. Hugtakslíkingar eru utan máls og oftast ósýnilegar þó þær liggi málinu að baki og geri merkingarsköpun mögulega. Við sjáum dæmi þessa síðar.

Það er ekki lítið stökk sem í þessu felst. Í stað þess að leita að rökum fyrir líkingum, eða skýringum á skilningi á líkingum *í málinu sjálfu* og

<sup>3</sup> „Líking er setning (eða hluti setningar) þar sem valin eru saman ósamstæð orð í því skyni að bjóða heim, með þessu orðavali einu, samanburði óskyldra fyrirbæra“. Þorsteinn Gylfason, *Að hugsa á íslensku*, Reykjavík: Heimskringla, 1996, bls. 145 og 212.

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 150.

<sup>5</sup> Kristján Kristjánsson, „Um geðshræringar“, *Skírnir* 2 /1994, bls. 297.

<sup>6</sup> Þorsteinn Gylfason, *Að hugsa á íslensku*, bls. 151.

samspili orða, eins og löng hefð er fyrir, taka menn að líta á líkinguna sem ákveðið hugsunarlögmál eða hugrænan eiginleika mannskepnunnar. Þar með eygja menn sama lögmálið að baki hinum ólíkustu gerðum líkinga, og þegar menn hafa komið auga á slíkt verða skilgreiningar gjarnan ljósari og einfaldari. Um leið getur slík afstaða lagt sitt lóð á vogarskálarnar sem skýring á skilningi okkar á líkingum, ef maður vill spyrja spurninga í þá veru.

Hér skal tekið fram að takmark þessa greinarkorns er *ekki* að spyrja í þessa veru eða reyna að rökstyðja skýringar hugrænna fræða á „skilningi okkar á líkingum“. Í stað þess er gengið út frá sýn hugrænna fræða á mannlega líkingahugsun, og er lesendum frjálst að vera með eða á móti slíkri sýn: án útgangspunkts – engin umræða. Gagnrýni á kenningar hugrænna líkingafræða (e. *conceptual metaphor theory*), og einkum blöndufræða (e. *conceptual integration theory/blending*), hef ég gert skil á öðrum stað og skal það ekki tíundað hér.<sup>7</sup> Mig langar í staðinn að velta því upp í gegnum tvær litlar vettvangsrannsóknir hvernig hugræn fræði geta varpað nýju ljósi á gömul efni er varða mannshugann og skáldlega líkingahugsun. Mig langar að byrja á umræðu hugrænna fræða um það hvernig við nútímafólk tjáum og skiljum reiði.

## II *Reiðilíkingarnar margumtöluðu*

Reiði er ein af algengustu geðshræringum manneskjunnar. Segja má að reiði sé náttúrulegt varnarviðbragð manneskjunnar þegar tilvist hennar, viðhorfi, skoðunum eða vilja er ógnað. Eins og Kristján Kristjánsson bendir á í grein sinni um geðshræringar, eru þær þrungnar af vitsmunum „alveg á sama hátt og vitsmunavélin er knúin áfram af glóð tilfinninga og eðlishvata“<sup>8</sup>, reiðin er samkvæmt þessu samspyrt skoðunum okkar og viðhorfum. Það er gömul og gild speki að við hugsum með hjartanu. Reiði er altæk (e. *universal*) geðshræring og er athyglisvert að líta yfir umræðu hugfræðinga um það hvernig menn konkretísera þessa andlegu og líkamlegu geðshræringu með hugtakslíkingum í því skyni að fá merkingu í hana. Um er að ræða tilgátu um einkenni og starf hugans. Þessi umræða sýnir okkur ágætlega inn í þá öru þróun sem hefur átt sér og á sér stað innan hugfræða, og styður auk þess þá kenningu að líkingar spretti af líkamlegri reynslu,

<sup>7</sup> Bergsveinn Birgisson, „Skaldic Blends Out of Joint: Blending Theory and Aesthetic Conventions“, *Metaphor and Symbol* 4/ 2012, bls. 283–289.

<sup>8</sup> Kristján Kristjánsson, „Um geðshræringar“, bls. 299–300.

þ.e. séu „embodied“, að við hugsum með líkamanum en ekki heilanum einum. Við lítum á slíkar hugtakslíkingar í norrænu/íslensku samhengi og fáum innsýn í hvernig tengja má greiningar við félagslegar og sögulegar rannsóknir.

Til að gera langa sögu stutta komu menn niður á hugtakslegan veruleika sem lá hinum ýmsu yrðingum um reiði að baki á enskri tungu, á þann veg að hugtakslíkingin REIÐI ER HEITUR VÖKVI Í ÍLÁTI (e. ANGER IS A HOT FLUID IN A CONTAINER), sé að baki orðalags eins og *hann sprakk, það sauð uppúr hjá honum, honum rann í skap, hann var svo reiður að reyk lagði úr eyrum hans* o.s.frv. Það var ekki að undra að hugfræðingum væri tíðrætt um þessa hugtakslíkingu því hún studdi hnyttilega þá kröfu að líkingamál sprytti gjarna af líkamsreynslu. Hér var líkingin í samræmi við það hvernig líkaminn bregst við reiði, þ.e. að hjartsláttur, blóðþrýstingur og hörundshiti eykst; blóðið heita sem jók sinn þrýsting í líkamanum féll sem flís við rass að vökvanum heita í hugtakslíkingunni. Um leið benti þessi líkamssamsvörun til þess að um altæka (e. *universal*) hugtakslíkingu væri að ræða, þar sem álykta má að allir menn bregðist við á sama hátt þegar um líkamann er að ræða. Hér voru eigi spöruð stóru orðin.

Árið 1995 birtist síðan grein sem benti á að þessi hugtakslíking gæti einnig átt sér skýringar í vestrænum menningararfi. Geeraerts og Grondelaers benda á þá skýringu Grikkjans Hippókratesar frá Kós að geðsveiflur eða geðshræringar stýrist af ólíkum líkamsvessum sem hrærðu sig í líkama mannsins (sbr. vökva í íláti), en hún var allsráðandi langt fram eftir öldum.<sup>9</sup> Þessi víxlverkunar-tilgáta hins líkamlega og menningarlega hefur síðar meir verið almennt viðurkennd, og hugsuð áfram m.a. af Kövecses sem er stilltari í orðalagi en í fyrri greinum er hann breytir hugtakslíkingunni í *PERSÓNA Í TILFINNINGALEGU UPPNÁMI ER ÍLÁT MEÐ ÞRÝSTINGI* (e. A PERSON IN AN INTENSE EMOTIONAL STATE IS A PRESSURIZED CONTAINER), og segir að sú líking „gæti verið næstum altæk“ (e. *near-universal*).<sup>10</sup> Þannig ætlar Kövecses að „heitavökva-líkinguna“ beri fremur að skilja sem menningar-félagslegt tilbrigði hinnar áður nefndu líkingar um persónu í uppnámi.

<sup>9</sup> Dirk Geeraerts og Stefan Grondelaers, „Looking back at anger: Cultural traditions and metaphorical patterns“, *Language and the Cognitive Construal of the World Series*, Trends in Linguistics – Studies and Monographs 82, ritstj. John R. Taylor, Berlin, New York: Mouton de Gruyter, 1995, bls. 153-179.

<sup>10</sup> Zoltán Kövecses, *Metaphor in Culture: Universality and Variation*, Cambridge: Cambridge University Press, 2005, bls. 43.

Svo virðist sem norrænar málheimildir geti staðfest að þessi reiði-umræða hafi nokkuð til síns máls. Í elstu dróttkvæðum norrænum virðast skáldin í allra flestum dæmum virkja hugtakslíkinguna um persónu í uppnámi sem ÍLÁT MEÐ ÞRÝSTINGI en ekki líkinguna sem leggur að jöfnu reiði og heitan vökva í íláti. Ólíkar kenndir, svo sem *heipt*, *harmr*, *sút* og *sorg* eru sagðar „svella“ eða „brútna“ í brjósti eða huga manneskjunnar. Stundum vísar þrútnunin ekki til neinnar sérstakrar tilfinningar, heldur kemur aðeins fram að „móðr (hugur) svall“.<sup>11</sup> Algengasta orðið fyrir reiðitilfinningu í fornkvæðum, *vreiði*, finnst í þessu þrútnunarsamhengi, og er athyglivert að ekki er endilega um neikvætt eða eyðileggjandi afl að ræða, sennilega vegna þeirra lífeðlisfræðilegu sanninda sem koma fram hjá skáldi eins og Eilífi Goðrúnarsyni kringum árið 900, að reiður maður er að jafnaði óhræddur.<sup>12</sup> Því má ætla að reiði sé álitid jákvætt afl, a.m.k. í bardagasamhengi víkingaaldar, nokkuð sem lifir enn hjá höfundum *Konungs Skuggsjár* (um 1250) er hann hvetur hirðmanninn til að höggva frá sér af góðu skapi „og þó drjúglegri reiði“.<sup>13</sup>

Orðsifjar *vreiði* benda til hins sama, þ.e. að fornmennt hafi hvorki tengt reiði við hita né vökva. Ásgeir Blöndal rekur orðið til þeirrar upprunalegu merkingar að hinn reiði sé „snúinn, afundinn eða afmyndaður af vonsku“.<sup>14</sup> Þó finnst ein undantekning á þessu, reiðihugtakið *bræði* og lo. *bráðr*, rekur Ásgeir til frumrótarinnar \*bher- ‘ólga, sjóða’. Áhugavert er að veita því athygli að lo. *bráðr* og *bráðlyndr* eru gjarna tengd þeim stjórnlausu, óþolinmóða og illkvittna í dróttkvæðum dæmum,<sup>15</sup> líkt og áður nefnd heitavökva-líking ýjar að um hinn reiða, eins og við komum að síðar.

Það kom fram að reiði var ekki álitin neikvætt afl er kom að fornri stríðsmenningu. Ef marka má umsögn Snorra Sturlusonar um Harald hár

<sup>11</sup> Sjá Finnur Jónsson og Sveinbjörn Egilsson, *Lexicon Poeticum*, 2. útg., Kaupmannahöfn: Det kongelige nordiske Oldskriftselskab, 1931: svella, þrútninn, þrútna. Meðal dæma þar eru: móðr svall, heipt svall í Högna, hugr svellr í brjósti, sollinn bergjarls brúðar vindr (þ.e. sollinn hugr).

<sup>12</sup> Sjá Finnur Jónsson og Sveinbjörn Egilsson, *Lexicon Poeticum*, reiðr-2, einkum vísa 21 í *Þórsdrápu*, og *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, IA, útg. Finnur Jónsson, 2. útg., København: Rosenkilde og Bagger, 1967, bls. 152 (hér eftir: *Skj*).

<sup>13</sup> *Konungs Skuggsjá*, útg. Magnús Már Lárússon, Reykjavík: H.F. Leiftur, 1950, bls. 116.

<sup>14</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1995. Þetta gæti bent til líkingahugsunar þar sem skyndileg breyting í andliti hins reiða er varpað á fjörð sem breytir um svip eða „afmyndast“, t.d. þegar vindur blæs.

<sup>15</sup> Finnur Jónsson og Sveinbjörn Egilsson, *Lexicon Poeticum*, bls. 61.

fagra, höfðu heiðnir menn norrænir samt fullan skilning á því að reiði gat haft eyðileggjandi afleiðingar og var því regla Haralds sú að hvert sinn „er skjót æði eða reiði hljóp á hann, at hann stillti sik fyrst ok lét svá renna af sér reiðina ok leit á sakar óreiðr“.<sup>16</sup> Meðal fornmannanna ríkti því það sem Kövecses kallar „ideal of channeled anger“,<sup>17</sup> reiðin er æskileg á vissum vettvangi en ekki annars staðar.

Nánari rannsókn á ÞRÝSTINGSÍLÁTS-líkingunni sýnir að innihald ílátsins (e. *source*) er menningarbundið. Í mandarín-kínversku er reiðin skilin sem lofttegund sem eykur þrýsting sinn í hinum reiða einstaklingi.<sup>18</sup> Nú er ekki takmark þessa greinarkorns að gera reiðilíkingum íslenskum nein tæmandi skil, og bendir allt til að fleiri en ein hugtakslíking hafi verið og sé enn virkjuð í íslensku nútímamáli. Kínverska innihaldið fær mann vissulega til að hugsa til hins fræga dæmis Þorsteins Gylfasonar um andlegt líf á Íslandi „Það fýkur í bónda. Það fýkur aldrei í nefnd“.<sup>19</sup> Hér mætti ætla að það sé einhvers konar loft eða vindur sem fýkur í bónda, og að reiðinni sé jafnað við vindinn. Þetta minnir á það er menn segjast hafa „ímugust á e-u“, þ.e. ‘andúð, óvild, illan bifur’. Eins og Ásgeir Blöndal skýrir einnig, er orðið upprunalega kenning byggð á kenningamódelinu HUGUR ER TRÖLLKONU-VINDUR, Íma er tröllkonuheiti: Ímu-gustur.<sup>20</sup> Það áhugaverða hér er að þessi hugtakslíking (kenningamódel) er með öllu óskiljanleg og einungis ‘lifandi’ meðal elstu dróttkvæðaskálda. Rök þessarar líkingar mátti eflaust finna í goðsögn sem Snorri Sturluson og co. skráðu ekki í Eddu, og eru þau því með öllu horfin. En ef við veljum að skilja brjóstið (líkamann) sem hólk eða ílát utanum tilfinningar, þá ætti einmitt að geta fokið í hann ef við skiljum sem svo að tilfinningum eða geðshræringum (hug) sé jafnað við vind. Vandinn hér er hinsvegar sá að *hugr* getur bæði vísað til tilfinninga (*svá segir mér hugr, hugr einn veit hvað býr hjarta nær*) og íláts (*mér kemr í hug, hugr svall*). En þegar fýkur í fólk má ætla að geðshræringar hafi aukinn þunga eða „vindstyrk“ eins og væri í þessu tilviki. Hinn kosturinn væri

<sup>16</sup> *Heimskringla* I, ritstj. Bjarni Aðalbjarnarson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1941, bls. 144.

<sup>17</sup> Kövecses, *Metaphor in Culture*, bls. 180.

<sup>18</sup> Ning Yu, *The contemporary theory of metaphor: Perspective from Chinese*, Amsterdam: John Benjamins, 1998.

<sup>19</sup> Þorsteinn Gylfason, *Að hugsa á íslensku*, bls. 134.

<sup>20</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, bls. 421.

að leita til latínu og þess almenna grunnskema<sup>21</sup> að tengja mannshugann/sálina við andardráttinn.

Við höfum komist að því að brjósti eða líkama mannsins er jafnað við ílát, og geðshræringar geta verið lofttegund eða vökvi sem fjúka eða renna í þetta ílát. Þá er að skoða þriðja valmöguleikann, þ.e. að geðshræringum sé jafnað við efni á föstu formi. Það er ekki að sjá að miklar breytingar séu á því hvernig manneskjan sem ÞRÝSTINGSÍLÁT birtist í elstu dróttkvæðum og sögutextum 13. aldar. Ágætt dæmi um þrútnun vegna tilfinningalegs uppnáms má finna í *Egils sögu Skallagrímssonar*, þar sem því er lýst er Egill vinnur að greftrun sonarins Böðvars, er hafði druknað ungur að árum og var föður sínum mikill harmdauði. Við sjáum einnig nokkurn mun á notkun þessarar hugtakslíkingar meðal 13. aldar manna og í nútímamálsniði; það er engu líkara en ÞRÝSTINGSÍLÁTS-líkingin sé ekki aðeins líking í huga miðaldamannsins, heldur beinharður líkamlegur veruleiki:

En svá er sagt, þá er þeir settu Bøðvar niðr, at Egill var búinn: hosan var strengð fast at beini; hann hafði fustankyrtil rauðan, þrøngvan upphlutinn ok láz at síðu; en þat er søgn manna, at hann þrútnaði svá, at kyrtillinn rifnaði af honum ok svá hosurnar.<sup>22</sup>

En hvað hafa menn hugsað sér að væri inni í hinum þrútnandi víkingi, sem er við það að brjótast út? Hér eru, eins og gefur að skilja, heimildir af skornum skammti, en þó er óhugsandi að fallast á þá skýringu að engin „mynd“ hafi legið líkingunni að baki, þar sem ætla má að fornmennt hafi haft mun myndrænna samband við tungumálið en nútímamenn nokkru

<sup>21</sup> Grunnskema er þýðing á hugtaki Bradd Shore „foundational schema“, meðan aðrir, svo sem Kövecses, myndu kalla hið sama miðlæggar líkingar (e. *central metaphors*), sjá Kövecses, *Metaphor in Culture*, bls. 184–186, eða ráðandi reglu (e. *governing principle*) (sama heimild, bls. 234). Shore undirstrikar að grunnskemu eru einnig menningarmódel eða menningarlíkingar (e. *cultural models*), en mun yfirgrípsmeiri en venjuleg módel (e. *special purpose models*) þar sem þau sjá um að kerfa sértækari módel/líkingar. Hér sjáum við að mannfræðingurinn velur að kalla það módel sem málvísindamenn kalla líkingu (e. *metaphor*). Sjá Bradd Shore, *Culture in Mind*, Oxford: Oxford University Press, 1996, bls. 53. Dæmi um slíkt grunnskema væri *yin* og *yang* í kínverskri menningu, sumar af erkitýpum Jungs í evrópskri menningu og í norrænni fornmenningu lít ég á „andstæðuspennu“ sem grunnskema, sjá Bergsvein Birgisson, *Inn í skaldens sinn: Kognitive, estetiske og historiske skatter i den norrøne skaldediktningen*, Bergen: Universitetet i Bergen, 2007, bls. 77–91.

<sup>22</sup> *Egils saga Skalla-Grímssonar*, Íslensk fornrit II, útg. Sigurður Nordal, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1933, bls. 243–244.



sinni. Nútímamenningin kennir okkur að hugsa með orðum (e. *verbally*) sem leiðir til að myndræn (e. *visual*) eða hreyfingarleg (e. *motoric*) hugsun er minna notuð.<sup>23</sup> Annað er svo að upprunalegar myndir bakvið orð og líkingar stirðna og deyja (frosna er einnig sagt) samkvæmt sumum líkingafræðingum er fram líða stundir. Ágætt dæmi um þetta í íslensku er orðið „hégómi“ sem var notað um rykvef eða kóngulóarvef er safnast í gluggaborur. Það er síðan ekki heiglum hent að ákvarða hvar og hvenær slík stirðnunarþróun er um garð gengin, og einnig ber að nefna þá líkingafræðinga sem gagnrýna umræðu um dauðar líkingar á þann veg að einhvers konar umritun fylgi alltaf blæbrigði eða tilbrigði í merkingarlegum skilningi.<sup>24</sup> Líking getur þannig aldrei verið dauð að öllu leyti.

Ef til vill má finna vísbendingu í dróttkvæðum kristnum, svo sem þar sem hjartað er kallað hugarkorn.<sup>25</sup> Ef við veljum þá grunnmynd mætti spyrja hvort orðtakið um „kornið sem fyllir mælinn“, notað m.a. um þann sem endanlega „springur“ af reiði, eigi sér rætur í þeirri fornu mynd. Orðtakið er dregið af því að korn var ýmist vegið eða mælt í sérstökum mælikerum eða mælum (skeffumálum), og var sá mælir ekki fullur fyrr en kornið vall upp úr. Þessi aðferð við að mæla korn kemur fram í fjölmörgum miðaldaheimildum og er myndin býsna gömul í íslensku.<sup>26</sup> Hér er líkami eða brjóst mannsins (ÞRÝSTINGSÍLÁTID) skilið sem kornmælir og geðs-hræringin eða reiðin sem korn, og ætla má að þau korn sem fóru yfirum hafi gjarna farið til spillis. Í þessu gæti legið viss dómur og visst viðhorf til reiðinnar. Það verður samt að segjast að þessi mynd af hinum reiða náunga er talsvert vinalegri en nýja myndin þar sem hinum reiða er jafnað við gufuketil eða sprengju sem springur, eins og við komum að.

Þessi gamla mynd kornmælisins er óðum að missa fylgi sitt í íslensku. Eins og bent hefur verið á, er líkingamál íhaldssamt í eðli sínu og þarf því alltaf að taka tillit til hins sögulega þáttar við krufningu líkinga. Ein ástæða

<sup>23</sup> Sjá t.d. Tore Helstrup, *Personlig kognisjon: Kan vi kontrollere våre tanker og handlinger?*, Bergen: Fagbokforlaget, 2005, bls. 156; Bergsveinn Birgisson, *Inn í skaldens sinn*, bls. 132–133.

<sup>24</sup> Ronald W. Langacker, *Concept, Image, and Symbol: The Cognitive Basis of Grammar*. Berlin: Mouton de Gruyter, 1991, bls. 10; Raymond Gibbs Jr., „What do idioms really mean?“ *Journal of Memory and Language* 4/1992, bls. 485–506.

<sup>25</sup> *Skj* II B, bls. 139.

<sup>26</sup> Jón G. Friðjónsson, „mæle“ *Kulturhistorisk Leksikon for Nordisk Middelalder XII*, ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson, Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1967, bls. 159; Jón G. Friðjónsson, „Íslenskt mál, 66. þáttur“ *Morgunblaðið*, 10. des. 2005.

Þessa er sú að fjölmargar líkingar í nútímamáli eru byggðar á hugtaksveruleika sem samsvarar ekki endilega skilningi nútímamanna á menningu og heimi.<sup>27</sup> Ef tilgátan er rétt um að orðtakið „það fýkur í e-n“ sé byggt á fornnorrænu hugtakslíkingunni um hugann sem vind, er það ágætt dæmi um þessa fastheldni. Segja má að líkingin sé virkjuð eins og aðrar venjur sem misst hafa gildi sitt, svo sem er við biðjum Guð að hjálpa þeim sem hnerrar, sem flestir hafa gleymt að voru fyrstu einkenni svartadauða. Það er ljóst að við notum slíkar steingerðar líkingar og málvenjur í meira eða minna mæli. En aftur að hinum hverfandi kornmæli. Það er skiljanlegt að nútímamanneskjur eigi erfitt með að fá botn í korn sem fyllir mæli. Á 20. öld fór því að bera á því að fólk talaði um „dropann sem fyllir mælinn“.<sup>28</sup>

Hér hefur eitthvað áhugavert átt sér stað. Ný mynd hefur troðið sér inn í gamlan ramma, stirðnuð líking hefur verið lífguð á ný, a.m.k. ber að líta á þetta sem tilraun til lífgunar. Erfitt er að átta sig á hverskonar mynd býr hér að baki. Sumir hugsa sér e.t.v. mælibikar fyrir vinstaup meðan aðrir geta séð fyrir sér desilíttra-mæla notaða við matargerð. Þá er ekki hægt að útiloka að einhverjir sjái fyrir sér hitamæli. Slík mynd fellur vel að ensku nútímalíkingunni REIÐI ER HEITUR VÖKVI Í ÍLÁTI, sem hefur breiðst út um önnur tungumálasvæði. Hreintungusinnar eða púristar ættu að veita því athygli að áhrif erlendra tungumála á íslensku einskorðast ekki við lán-töku erlendra orða heldur snýst einnig um lán-töku á hugtaksveruleika. Þá myndi kvikasilfrið passa vel við hinn heita vökva ílátsins, þar sem það þenst sýnilega út við aukinn hita líkt og blóðið í hinum reiða. Dropinn í íslenska mælinum mætti einnig rekja til áhrifa frá Norðurlandamálunum, þar sem talað er um „drápen som får begeret til å renne over“. Þessu til stuðnings eru nýleg afbrigði svo sem „dropinn sem fyllti bikarinn“.<sup>29</sup>

Hugfræðingar hafa sem sagt komist að þeirri niðurstöðu að líkingin REIÐI ER HEITUR VÖKVI Í ÍLÁTI sé nokkuð ný af nálinni. Hafa menn þar bent bæði á sjóðandi katla, gufuvélina og aðrar vélar sem geta ofhitnað og sprungið, til að kasta ljósi á þann menningarbundna veruleika sem gerir líkinguna skiljanlega. „Hann var svo reiður að sjá mátti gufu leggja úr eyrum hans“, er algengt dæmi meðal hugfræðinga (einnig algengt í teiknimyndum) sem óneitanlega leiðir hugann að gufuvélinni.

En það er kannski fyrst núna, eftir að slík grundvallargreining á reiði-

<sup>27</sup> Alice Deignan, „Metaphorical expressions and culture: An indirect link“, *Metaphor and Symbol*, 4/2003, bls. 255–271.

<sup>28</sup> Jón G. Friðjónsson, „Íslenskt mál, 66. þáttur“, *Morgunblaðið* 10. des. 2005.

<sup>29</sup> Sama heimild.

líkingum er að baki, að hugræn fræði fara að vera áhugaverð í heimspeki-  
legum eða tilvistarlegum skilningi. Hér vísa ég til umræðunnar sem beinist  
að því hvernig líkingar þær sem við „lífum með“ eru beinn áhrifspáttur á  
gildi okkar og viðmið, í þessu tilviki: hvernig við lítum á fyrirbærið reiði og  
dæmum hinn reiða.

Hugfræðingar hafa lítið fengist við sögulegar rannsóknir á líkingum.  
Helstu kennimenn þar á bæ eru meira uppteknir af að negla niður hin  
almennu lögmál mannlegrar hugsunar.<sup>30</sup> Það er því mikill fengur að því er  
sagnfræðingar, eins og Peter Stearns í þessu tilviki, leggja lóð á vogarskál-  
arnar. Í bók sinni, *American Cool*, bendir Stearns á að hugtaksgerving (e.  
*conceptualization*) reiði og annarra tilfinninga breytist stórlega á 18. og 19.  
öld í Ameríku. Fyrir þann tíma virðist fólk hafa notað líkamlegar líkingar  
næstum einvörðungu til að kasta ljósi á tilfinningar, s.s. að hjórtu bifðust,  
þrútnuðu, kólnuðu; heitt blóð bjó að baki reiðinni, ótti framkallaði kaldan  
svita o.s.frv. Það sem er áhugavert í þessu samhengi er að hinn viktoríanski  
maður var samkvæmt Stearns líkur víkingnum norræna á þann veg að  
reiði var ekki neikvæð nema heimavið. Bæði á vinnustað og á pólitískum  
vettvangi var jákvætt að sýna reiði; tilfinningin var réttlætunleg í vissum  
farvegi líkt og í bardaga víkingsins (e. *ideal of channeled anger*).<sup>31</sup>

Á 19. öld fer hinsvegar að bera á því að mannlegum tilfinningum eins  
og reiði er varpað á vélræn fyrirbæri, þá hefst það sem kalla mætti vélvæð-  
ingu mannlegra kennda. Snemma á 20. öld slær í gegn sú mynd að hinn  
reiði sé „þrýstingsketill við að springa“, m.ö.o. þá er það ekki fyrr en hér  
sem REIÐI ER HEITUR VÖKVI Í ÍLÁTI verður hin ráðandi hugtakslíking fyrir  
reiði. Stearns nefnir fleiri ástæður þessa auk vélvæðingarinnar sjálfrar, svo  
sem að nasisminn gerði hverja réttlætuningu reiðinnar ómögulega (sbr. ekki  
hægt að yrkja eftir Holocaust).<sup>32</sup>

Aðalatriðið er að skoða þau skilaboð sem slík líking ber með sér, og hér  
ber að nefna að þetta er sú sama líking og Íslendingar virkja er þeir tala  
um að einhver „springi af reiði“ eða þegar „sýður upp úr hjá einhverjum“  
o.s.frv. Það sem gerist hér er að reiðin er ekki lengur það réttmæta varn-

<sup>30</sup> Samanber orð Fauconniers og Turners: „Our purpose is not to give an exhaustive  
presentation of any particular integration network but, rather, to explain the  
cognitive operations by which they all work“, Gilles Fauconnier og Mark Turner,  
*The Way we Think: Conceptual Blending and the Mind's Hidden Complexities*. London:  
Basic Books, 2002, bls. 296.

<sup>31</sup> Peter Stearns, *American Cool*, New York: New York University Press, 1994, bls. 66  
o.áfr.

<sup>32</sup> Sama heimild, bls. 194 o.áfr.

arviðbragð sem manneskjan er búin frá náttúrunnar hendi, og sem getur verið skynsamlegt að virkja undir vissum kringumstæðum. Öllu heldur er reiðin „grýlugerð“ sem eitthvað óæskilegt og framandi hinni skynsemisbornu manneskju. Af þessum sökum myndast í samfélagi manna það sem Kövecses kallar „reiðileysis-hugsjón“ (e. *anger-free ideal*).<sup>33</sup> Litið er á reiðina sem hættulega og eyðileggjandi geðshræringu einvörðungu. Eins og myndin ýjar að er nálægum hætta búin ef vél eða gufuketill springur. Það ferli sem hófst á 19. öld og stíaði í sundur skynsemisverunni og reiðinni, það sem kalla mætti „vélvæðingu“ reiðinnar, má segja að sé nú orðið að viðteknu gildi. Gott dæmi um framhald þessarar þróunar er frasinn um að það sé „stuttur í e-m kveikurinn“, á norsku: „han har kort lunte“. Hér fáum við ekki lengur að velkjast í vafa um eyðileggingarmátt reiðinnar. Hugtakslíkingin að baki hlýtur að vera á þá lund að SÁ REIÐI ER SPRENGJA; hinn reiði er óneitanlega farinn að minna á hryðjuverkamann. Hér hefði Aristóteles tæplega verið ánægður með þróunina þar sem réttlát reiði gat talist til dygðna í hans siðfræði.<sup>34</sup>

Eins og áður greinir, lifum við nú með heitavökva-hugtakslíkingunni, án þess að hafa verið með í því að þróa hana, og án þess að hafa mikið um hennar skilaboð að segja: líkingin stýrir hugsun okkar á hugtakslegu plani sem liggur svo djúpt að hún verður ekki auðveldlega dregin upp í dagsljós gagnrýnninnar hugsunar. Samt sem áður hefur hugtakslíkingin áhrif á það hvernig við vegum og metum þessa geðshræringu, hún mótar viðhorf okkar og skoðanir. Þessi *siðferðilegu ábrif* hugtaksveruleikans eru kannski stærri en við viljum almennt viðurkenna.

Athugum eitt. Hér hefur líkingin færst frá því að vera saklaus trópi eða fígura notuð í kvæðum og bundin við tungumálið, yfir í að móta sálrænan veruleika sem aftur er tengdur bæði siðferði og stjórnmálum. Líking er viðhorf. Til eru barnabækur þar sem reiðin er mynduð sem hver önnur Grýla er bara leiðir til ills, og má ætla boðskapinn þann að börnum sé réttast að bæla þessa geðshræringu inni í sér með öllu. „Verið reið!“ sagði Hörður Torfason hinsvegar á mótmælendafundi sem haldinn var á Austurvelli eftir bankahrunið 2008, og mælti þar djarflega í mót skilaboðum hugtaksveruleikans. Það er kannski það sem þarf til að viðhalda andlegu lífi á Íslandi, líkt og Þorsteinn Gylfason kom inn á – að fólk láti fjúka í sig af og til?

Þetta innsæi hugrænna fræða í mannlega merkingarsköpun tel ég vera

<sup>33</sup> Kövecses, *Metaphor in Culture*, bls. 180.

<sup>34</sup> Sjá Kristján Kristjánsson, „Um geðshræringar“, bls. 308.

hið eina sem getur skýrt eitt og annað í nútímaveruleika íslenskum eftir bankahrun, sem á engan hátt er hægt að skýra með rökum í ætt við skynsemi eða rökvísi. Metafórir eru þungvæg áróðurstæki, og þetta kunna sum stjórn málaöfl að nýta sér. Hin óhuganlega staðreynd er sú að það er hægt að búa til hugtaksveruleika með endurteknum áróðri, s.s. GYÐINGAR ERU SVÍN eða HÚTÚAR ERU STÓR TRÉ SEM ÞARF AÐ GRISJA. Þegar þessi hugtaksveruleiki hefur hreiðrað um sig í menningu eða samfélagi nógu lengi verður hann „ósýnilegur“, hann er orðinn að fasta eða sannindum sem fólk gengur út frá er það túlkar heiminn og sem hvíla óáreitt af rökhusun og siðferðilegum gildum.

### *III Líkingin og lífsagan – vettvangsrannsókn í Agli Skallagrímssyni*

Nú flytjum við okkur yfir á annað svið innan hugrænna fræða er varðar skáldskaparfræði, á ensku *poetics*. Það er mikilvægt að marka hér skil vegna þess að kenningafræðileg umræða heimspekinga og hugfræðinga hættir að jafnaði þar sem rökum og skýringum á skilningi okkar á líkingum sleppir. Teóretísk umræða snýst eins og áður segir að miklu leyti um að finna almenn hugsunarlögmál er gilda fyrir allar líkingar og alla menn, meðan sérkennum, fagurfræði og skáldlegri virkni líkinga er minni gaumur gefinn.

Tökum eitt dæmi til að skýra nánar. Bæði í hugrænum líkingafræðum og blöndufræðum er sjónum fyrst og fremst beint að rökum fyrir líkingum og því sem „passar“ og gerir samanburðinn í líkingu eða blöndu skiljanlegan og merkingarbæran. Hitt dyljum við, þjöppum saman eða fergjum (e. *compress*) svo það standi ekki í vegi fyrir skilningi og skýrleiki blöndunnar haldist.<sup>35</sup>

Skáldskaparfræðingar, líkt og stór skáld allra tíma, vita hinsvegar að einnig það sem „passar ekki“ í metaforu hefur skáldlegt vægi. Að líkja epli við epli væri fullkomin líking ef málið snérist aðeins um líkindi. Við vitum að svo er ekki. Nægir hér að vísa til skilgreiningar franska súrrealistahugsuðarins Roger Calliois á hinni góðu skáldlegu mynd (líkingu): „The distance must be great and the obviousness beyond dispute: the shock stems

<sup>35</sup> Mark Turner, „Aspects of the Invariance Hypothesis“, *Cognitive Linguistics* 2/1990, bls. 254; George Lakoff, „The Invariance Hypothesis: Is Abstract Reason Based on Image-Schemas?“, *Cognitive Linguistics*, 1/1990, bls. 66; Fauconnier og Turner, *The Way we Think*, bls. 309–329.

from this“<sup>36</sup>, þ.e.a.s. það þarf að vera svimandi fjarlægð milli þess sem passar ekki, og sláandi líkindi milli þess sem passar. Eins og ég hef fært rök fyrir annars staðar, voru fornorræn dróttkvæðaskáld afar meðvituð um þessa „dökku hlið“ líkingalistarinnar, hugsunin var gjarnan sú að líkja einhverju saman sem *alls ekki líktist* nema á einn tiltekinn hátt – sem síðan nægði til skilnings.<sup>37</sup>

Það verður að segjast að norræn og íslensk skáldskaparfræði hafa veitt skáldlegri eða fagurfræðilegri virkni líkinga, og reyndar líkingum almennt, afar knappa athygli gegnum tíðina. Þau skáldskaparfræði sem hér hafa verið við lýði frá miðöldum hafa samhangandi gengið út á að bæla þessa hlið skáldskaparins, og einblína þeim mun meir á formlega þætti. Í *Snorra-Eddu* er einblínt á dæmi um það hvernig eigi að „kenna rétt“, það er: búa til kenningar og líkingar í samræmi við norræna hefð/godsagnir annarsvegar og evrópskan samtímalærdóm hinsvegar áður en bragfræðin tekur öll völd. Um skáldlegt eða fagurfræðilegt gildi kenninga er Snorri Sturluson hinsvegar afar fáorður í sinni Eddu.<sup>38</sup> Aðrir, eins og Ólafur hvítaskáld, lögðu grunninn að krufningu skáldskaparmáls með því að yfirfæra klassískt hugtakakerfi yfir á norræna tungu, en þar með var þó aðeins grunnur lagður, sem menn hafa ekki valið að byggja frekar á. Menn hafa sýnt sjálfu kerinu meiri áhuga en skáldskaparmiðinum sem það inniheldur, áherslan verið á formlegar og málsögulegar hliðar dróttkvæða. Undantekningar frá þessu má þó finna.<sup>39</sup>

Ágætt dæmi um það hversu fáorðir menn hafa verið um þessar hliðar skáldskaparins má finna í frægu riti með titilinn *Íslensk menning*. Eftir að hafa listað upp nokkur dæmi úr skáldskap Egils Skallagrímssonar, skrifar

<sup>36</sup> Roger Caillois, *The Edge of Surrealism: A Roger Caillios Reader*, útg. C. Frank, London: Duke University Press, 2003, bls. 318.

<sup>37</sup> Bergsveinn Birgisson, „Skaldic Blends Out of Joint: Blending Theory and Aesthetic Conventions“, bls. 289–296.

<sup>38</sup> Til eru miðaldahandrit, s.s. AM 748 4to (einnig kölluð Skálda), þar sem þetta innsæi í skáldlega virkni líkinga kemur skýrar fram, en því miður varð sá texti ekki „kanóníseraður“ í lærdómshefð seinni tíma.

<sup>39</sup> Sjá t.d. Gunnar Harðarson, „Birtan og stormurinn: um náttúruskynjun í dróttkvæðum“, *Skáldskaparmál*, 1990, bls. 203–210; Davíð Erlingsson, „Manneskja er dýr og henni er hætt: um nykrað“, *Gripla*, X, 1990, bls. 49–61; Bergsveinn Birgisson, „Konuskegg og loðnir bollar: elstu dróttkvæði og and-klassískar listastefnur 20. aldar“, *Skírnir* 1/2009, bls. 106–157. Í síðastnefndu greininni er vísað í fleiri fagurfræðilegar rannsóknir dróttkvæða, auk greinar um dróttkvæði og fornorræna minnistækni.

Sigurður Nordal að Egill sé meðal þeirra stórviða „sem vonlaust er að skýra frá rótum ... síðasta orðið [verður]: Sjáið manninn!<sup>40</sup>

Þetta minnir ekki aðeins á fræga klausu hafða eftir Halldóri Laxness, að Íslendinga setji alltaf hljóða þegar kemur að kjarna máls, heldur myndi slík afstaða vera í algerum blóra við innsæi hugrænna fræða í mannhugann. Snilldin í skáldskap Egils verður einmitt fyrst sýnileg þegar hún er krufin og það greint hvernig hið sértæka skilur sig frá því almenna í skáldlist hans. Þetta mun og aldrei mögulegt nema menn kryfji líkingamál hans, þar sem skáldlist dróttkvæða líkt og skáldlist allra annarra ljóðahefða, hlýtur að vera falin í líkingunum.

Nú er þó ekki svo að skilja að hugræn fræði geti gefið öll svör er kemur að krufningum á fagurfræði skáldlegra líkinga. Hvort sem litið er til hugtakslíkingafræða eða blöndufræða er þar aðeins um grundvallargreiningartæki að ræða. Þegar þessi grunnur er lagður verður maður að leita til eldri skáldskaparfræða sem fengist hafa við lestur líkinga, myndmáls og bókmenntatexta í víðara samhengi og meira á tilvistarlegum grunni, hvort sem menn velja að líta til þýskra, franskra eða annarra skóla í þessu samhengi. Það er svo undir hverjum og einum komið hvort hann velur að kalla slíka samblöndu hugræn skáldskaparfræði (e. *cognitive poetics*) eða eitthvað annað. Aðalatriðið er að þó að menn aðhyllist þetta nýja sjónarhorn geta menn tæplega horft framhjá eldri skáldskaparfræðihefðum án þess að fara að finna hjólið upp á nýtt, því eins og segir í *Grettis sögu* er fátt vísara til ills en kunna eigi gott að þiggja.<sup>41</sup>

\* \* \*

Mig langar að skoða eina ákveðna líkingu úr dróttkvæðahefðinni með greiningu blöndufræða ásamt því að styðjast við innsæi eldri hefða. Líkinguna má finna í siglingavísu Egils Skallagrímssonar frá 934 e. Kr. sem lítur svona út í heild sinni:

Þel høggr stórt fyr stáli  
stafnkvígs á veg jafnan

<sup>40</sup> Sigurður Nordal, *Íslensk menning*, Reykjavík: Mál og menning, 1942, bls. 248.

<sup>41</sup> Hugræn skáldskaparfræði skilja sig frá fyrri skáldskaparfræðihefðum fyrst og fremst sökum þess að þar reyna menn ekki aðeins að rökstyðja ákveðna túlkun texta, heldur einnig að taka tillit til móttakandans, þ.e. að fara frá *textanum í sjálfu sér* yfir til *gagnvirkinnar milli texta og lesanda*, samkvæmt Gavins og Steen, *Cognitive Poetics in Practice*, ritstj. Joanna Gavins og Gerard Steen, London: Routledge, 2003, bls. 7.

út með éla meitli  
 andærr jötunn vandar,  
 en svalbúinn selju  
 sverfr eirar vanr þeiri  
 Gestils álpt með gustum  
 gandr of stál fyr brandi.<sup>42</sup>

Samhengi vísunnar er í grófu máli það að skáldið siglir í stórsjó og hríð frá Noregi til Íslands og virðist undir hæl lagt hvort hann nái „nokkru landi eða öngu“, grunntilfinning vísunnar er hreinn og klár dauðageigur. Í *frumlag-sögn-andlag* samantekt lítur textinn út svona:

Andærr vandar jötunn hæggr stórt þel út fyr stáli á jafnan stafnkvígs veg með éla meitli, en svalbúinn selju gandr sverfr með gustum eirar vanr þeiri Gestils álpt of stál fyr brandi.


Þýðingu þessa texta yfir á nútímamál mætti freista þess að hafa svo, með túlkun kenninga í eftirfarandi kössum:

Andóðr jötunn seglsins [stormurinn] heggur út stóra þjöl fyrir framan stafninn á sléttan veg stafnkvígunnar [skipsins; sléttur vegur skipsins: sjórinn] með élameitli, en kuldalegur úlfur siglutrésins [stormurinn] sverfur miskunnarlaus með gustum þá Gestils álft [skipið] á þá [þjöl] um stafninn framanvið stafnbrandinn.

Frumleika vísunnar er ekki að finna í sjálfum kenningunum. „Jötunn seglsins“, „úlfur siglutrésins“ og „vegur skipsins“ auk skipskenninganna „stafnkvígr“ og „álpt Gestils“, eru allar byggðar á almennum hugtakslíkingum (kenningamódelum) kenningakerfisins. Hið frumlega er að láta stormjötuninn búa til þjöl úr sléttum sjó með „éla meitli“. Þetta er líking, eins og Sigurður Nordal bendir á í útgáfu sinni á *Egils sögu*; einstök líking Egils, mætti bæta við. Hin hugræna blanda *éla meitilsins* er reist á sjónrænum rökum. Hnúinn sem hvítnar um meitilsskaftið líkist skýjahnoðranum sem hefur éljatungu hangandi neðan úr sér, og éljatungan svarar til meitilsins (sjá mynd 1). Það er í slíkum einstökum líkingum sem dróttkvæðaskáld sýna okkur inn í hug sinn, í þessu tilviki mætti tala um skáldlega mynd (fr. *image nouvelle*) í anda Gaston Bachelard, þ.e. líkingu sprotna úr hjarta skáldsins, litaða af persónu hans, skynjun og hugarfari.

42 *Skj*, IB, bls. 47–48. Rök fyrir minni endurgerð og samantekt á vísunni má finna í Bergsveinn Birgisson, *Inn í skaldens sinn*, bls. 161–163.



**Mynd 1.**

*Éla-meitillinn. (Kjartan Hallur Grétarsson, 2005. Eig. BB).*

Ein grundvallarkenning hugrænna líkingafræða er sú að líkingar mark-ist gjarna af persónulegri lífssögu líkingasmiðsins, innan þess sem kallast einstaklingsbrigði líkinga (e. *individual variation in metaphor*). Þetta á ekki síst við í skáldskap, þar sem menn hafa gjarna þaulhugað sínar líkingar. Áhugavert í þessu samhengi er það að slík persónueinkenni líkinga þurfa samt sem áður ekki að vera skáldinu meðvituð. Þannig hafa menn bent á að faðir Sylviu Plath var skordýrafræðingur með býflugur sem sérsvið, og kastar þetta ljósi á margt í hennar persónulega líkingamáli. Auk þess má skýra grunnlíkingar og táknmyndir í bókum Ernests Hemingway út frá því að hann stundaði sjálfur fiskveiðar fyrir ströndum Kaliforníu, sótti nautaat á Spáni og var veiðimaður í Afríku.<sup>43</sup>

Þessi þáttur er afar áhugaverður í samhengi dróttkvæða, þar sem lífs-sögur fornskálda eru að mestu á huldu – líkingarnar mætti oflega kalla einu heimildirnar um lífssögu elstu skálda, einkum ef menn velja að aðhyll-

<sup>43</sup> Kövecses, *Metaphor in Culture*, bls. 183–184.

ast þá tortryggni sem sumir sagnfræðingar sýna norrænum fornsögum sem sögulegum heimildum. Inntak gagnrýnninnar allar götur frá tímum Curts Weibull við upphaf 20. aldar er í stuttu máli að textar frá 13. öld séu með öllu óáreiðanlegar heimildir um fyrri tíma, og virðist enn vera vinsæl sögu-skodun á Íslandi. Hér hafa menn annaðhvort gleymt eða lagt að jöfnu ævaforndróttnkvæði og prósa 13. aldar. Eins og ég rökstyð annar staðar, hljóta kvæðin að vera mun eldri en textavitni þeirra frá miðöldum.<sup>44</sup> Sem dæmi má nefna *Ynglingatal*, þar sem Snorri Sturluson valdi að breyta *ekki* hinum óþekkta Rögnavaldi heiðumhæra í Harald hárfagra, þó svo það hefði orðið til að styrkja hans túlkun á kvæðinu (nokkuð sem Guðbrandur Vigfússon gat ekki stillt sig um að gera á 19. öld!). Slíkt er óhugsandi ef kvæðin voru ort eða þeim viljandi breytt af miðaldarriturum.<sup>45</sup> Þessa rannsókn á líkingu Egils ber að sama brunni, eins og við munum sjá.

Ef við tökum kenninguna um samhengi lífssögu og líkinga gilda, sjáum við að líkingar geta verið sögulegar – og ekki aðeins fagurfræðilegar og hugfræðilegar – heimildir. Nú er ekki svo að skilja, að þetta innsæi í samhengi lífssögu og líkinga eigi sér upphaf meðal hugfræðinga. C.G. Jung hafði til að mynda veitt því athygli að samhengi mátti finna milli þess ómeðvitaða myndmáls sem sjúklingar notuðu til að lýsa sínum geðrænu sjúkdómseinkennum og meira eða minna falinnar trámatískrar lífsreynslu.<sup>46</sup> Sjúklega lofthræðslu má sem dæmi setja í samhengi við trámatíska reynslu af „falli“ í sálrænum skilningi, það er lógískt samband milli hugarmynda (e. *images*, hér einkum: *visual images*) og lífsreynslu. Jung og franski skáldskaparfræðingurinn Gaston Bachelard hafa um margt líka sýn á hugarmyndir. Lykilatriði er að þær má ekki smætta og greina út frá einu stöku sjónarhorni, hvort sem það er sálfræðilegt eða líffræðilegt. Bachelard undirstrikar að hin skáldlega hugarmynd sé ekki aðeins miðlun á lífsreynslu heldur einnig sátt við þá sömu reynslu.<sup>47</sup> Jung tekur í sama streng og bendir á að hugarmyndir eða táknmyndir tengdar kæfðri lífshvöt (lat. *libido*) séu hvorki ritskoðaðar né afskræmdar af hendi þess sem miðlar slíkum hugarmyndum (sbr. *image nouvelle*), og ei heldur séu þær eingöngu tákn fyrir eitthvað

<sup>44</sup> Bergsveinn Birgisson, *Inn í skaldens sinn*, bls. 216–224.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 409–417.

<sup>46</sup> Sherry Salman, „The creative psyche: Jung’s major contributions“, *The Cambridge Companion to Jung*, ritstj. Polly Young-Eisendrath og Terence Dawson, Cambridge: Cambridge University Press, 1997, bls. 52–70, hér bls. 64 o.áfr.

<sup>47</sup> Gaston Bachelard, *On Poetic Imagination and Reverie*, útg. Collette Gaudin, Putnam: Spring Publications, Inc., 1987, bls. xlix o.áfr. (vísað er í rit Bachelards, *La Poétique de la rêverie*).

annað. Slíkar myndir hafa í sér lækningarmátt, þær eru „þungaðar“ merkingu og geta losað um þann hnút sem sálræn orka hins sjúka er læst í.


En nú að hinni frumlegu líkingu Egils sem við finnum í fyrriparti vísunnar, sem við gætum kallað járnsmiðslíkinguna. Við sjáum að storminum sem ógnar skipi og skáldi í vísunni er ekki aðeins líkt við jötunn, heldur er jötunninn við nánari grennslan járnsmiður. Egill gerir hugræna blöndu (e. *conceptual integration/blend*) úr stormi (inntaksrúm 1)<sup>48</sup>, jötni (inntaksrúm 2) og járnsmið (inntaksrúm 3). Þetta getur fallið undir það sem kallast margföld blanda (e. *multiple blend*), eða tvísviðsnet (e. *double-scope network*). Rökin fyrir samlíkingu vinds og jötuns eru reist á almennum hugtaksveruleika norrænum, þar sem eldi og vindi er jafnað til jötna og úlfa vegna þess að hvorir tveggja búa yfir eyðileggjandi og ógnandi kröftum. Þetta eru með gamla líkingaorðalaginu rökin fyrir líkingunni, eða með orðalagi blöndufræða: inntak 1 og 2 hafa í almenna rýminu (e. *generic space*) m.a. þessa þætti sameiginlega: Gerandi, sýnilegar afleiðingar, eyðilegging.

Svleiðis myndi blöndugreining hins hefðbundna kenningamyndmáls hljóða. Það er hinsvegar áframhugsun netsins sem er einstök hjá Agli, það að líkja jötninum við járnsmið með éla meitil í hönd sem gerir þjöl úr sléttum sjónum. Hér fær almenna rýmið ný rök þar sem hinar sýnilegu afleiðingar storms og þjalarsmiðs hafa formlæg líkindi, þ.e. öldum er svipað til hrukkóttis yfirborðs þjalar, auk formlægra hliðstæðna sem ég nefndi í tengslum við élja-meitilinn. Annaðhvort getum við skilið járnsmiðinn sem inntak 3 í sama netinu, eða við reiknum með að blanda storms og jötuns myndi nýtt inntak 1 og járnsmiðurinn sé inntak 2 í nýrri blöndu. Hvort sem er, þá fáum við blöndurými (e. *blending space*) þar sem við finnum blöndu af öldum og hrukkóttu yfirborði þjalar, mäsandi jötni og járnsmið, ský með éljatungu hangandi neðan úr sér og hönd sem hvítar um meitilskaft og blöndu af kvígu og skipi sem siglir á bylgjunum (sjá mynd 2).

Nú vill svo til að heimildir eru fyrir því að Egill hafi einmitt haft reynslu af járnsmíðum gegnum föður sinn, sem sagður var elskur að járn. Ekki aðeins prósatexti *Egils sögu*, heldur einnig fornleg dróttkvæð vísa eftir Skalla-Grím sjálfan, styðja þetta. Þar gerir Skalla-Grímur frumlegar kenningar um smiðjubelgi sína, og kallar „váðir vidda bróður“ (voðir vindsins) og „hreggs hrœrikytjur“ (smáhús er hræra vind).<sup>49</sup> Nú var það svo að járn-

<sup>48</sup> Inntak 1 (e. *input 1*) er einnig kallað athafnarými (e. *action space*) og inntak 2 skipulagsrammi (e. *organizing frame*). Í eldri líkingafræðum hefði verið talað um táknið, tákni mynd og „grounds“.

<sup>49</sup> *Skj* IB, bls. 27.



*Mynd 2. Stormjötunn með eljameitil – Skalla-Grímur birtist úr kófinu. (Kjartan Hallur Grétarsson, 2005. Eig. BB.)*

smiður var að jafnaði háður því að hafa aðstoðarmann á smiðjubelgjum sínum meðan á smíðum stóð, þetta kemur fram í knöppu erindi nokkru í *Landnámabók* þar sem járnsmiðurinn Vémundur kveður og ávarpar aðstoðarmann sinn á físelbelgnum:

Ek bar einn  
af ellifu  
banaorð.  
Blástu meir!<sup>50</sup>

Ekki er fjarri lagi að hugsa sér að hinn ungi Egill hafi einhverju sinni haft slíkan starfa í smiðju föðurins á Borg. Líkingin sem jafnar bylgjum hafsins við litlu bárunnar á þjölinni er afar mikilvæg er kemur að hinum lífssögulega þætti. Hún mælir fyrir því að sá sem lætur sér detta í hug slíkan sam-

<sup>50</sup> *Landnámabók*, útg. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968, bls. 328.

jöfnuð hlýtur að hafa séð það með eigin augum þegar slík þjöl var búin til. Ætla má að *frumleikinn í yfirfærslunni milli inntaks 1 og 2* vísi til reynslu af báðum pörtum líkingarinnar. Á öðrum stað hef ég fært rök fyrir því hvernig hin frumlega gálgalíking Þjóðólfs úr Hvini, þar sem hinn hengdi „temur gálgahestinn“, hljóti að byggja á lífssögu skáldsins, sem hefur hvorttveggja séð, hesta tamda og köfnunarhengingu.<sup>51</sup>

Líking Egils er langt frá því að falla að líkingahugsun lærðra miðaldamanna eins og Snorra, þar sem líkingar eru bestar þegar þær eru auðskildar samkvæmt hinni grísk-rómversku *claritas* fagurfræðihefð. Ágætt dæmi um þetta má finna í riti Aristótelesar, *Rhetorica*, þar sem segir að „líking einkennist framur öðru af skýrleika“.<sup>52</sup> Þessi sýn á líkingar naut mikillar hylli á miðöldum, þó svo að Aristóteles hafi einnig skrifað í III bók *Rhetorica* að góð líking eigi að hafa vissan „framandleika“, og megi ekki vera *of skýr*.<sup>53</sup> En slíkar hugleiðingar áttu ekki upp á pallborðið í seinni klassískri fagurfræði. Spyrja má hvort þetta sé ekki sú líkingahugsun sem hefur átt mestu fylgi að fagna í vestrænu samhengi seinni alda, þ.e. að sá sem nemur líkinguna þurfi að eyða sem minnstum kröftum í að skilja hana. Sem dæmi virðist líkingahugsun auglýsinga vera algerlega í samræmi við *claritas* fagurfræðihefðina, krafan er að líkingin sé auðskilin, rökleg og grípandi.<sup>54</sup>

Þegar við með verkfærum hugsálarfræða (þ.e. þeirra sem snúast um rannsóknir hugarmynda) rýnum í líkingu Egils, sjáum við að við þurfum að beita því sem kallast hugarmyndaskoðun (e. *image inspection*) til að skilja líkinguna.<sup>55</sup> Við þurfum að fókusera á þjölinu og súma (e. *zoom*) inn á yfirborð hennar til að finna þær dálitlu bylgjur sem Egill varpar á úfinn sjó. Þetta er líkingahugsun sú sem finna má í heiðnum dróttkvæðum. Hér má greina gamla *ofljóst* stílbragðið í líkingahugsuninni, þ.e. að „fela“ lausnina, maður þarf að þreifa sig áfram „með bragar fingrum“ líkt og blindur maður og leysa þannig gátuna. Fagurfræðinautnin liggur ekki í því að sýna færni í að „hafa auga fyrir því, hvað er líkt“,<sup>56</sup> eins og er forsenda

<sup>51</sup> Bergsveinn Birgisson, „Konuskegg og loðnir bollar“, bls. 136.

<sup>52</sup> Þ.e. „metaphor most of all has clarity“. Aristóteles, *Rhetorica* (III 2.1405a4), þýðandi W. R. Roberts, *The Works of Aristotle Translated into English. Vol. XI. Rhetorica*. Oxford: Clarendon Press, 1946.

<sup>53</sup> Sama heimild, 1410b.

<sup>54</sup> Bergsveinn Birgisson, „Konuskegg og loðnir bollar“, bls. 110–115.

<sup>55</sup> Stephen M. Kosslyn, *Image and Brain: The Resolution of the Imagery Debate*, Cambridge MA: MIT Press, 1994.

<sup>56</sup> Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, Kristján Árnason þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1976, bls. 85.

velheppnaðra líkinga í hugsun Aristótelesar, heldur það að líkja einhverju saman sem alls ekki er líkt – nema að einu litlu leyti: og gettu nú! Þetta má ætla listrænt inntak dróttkvæða upprunalega, að skáldið gæfi huga fólks nokkuð að tyggja á í fásinni vetrarmyrkursins.

Að auki sjáum við að myndmál vísunnar fellur undir löst þann sem kall- aður var *nykrat* eða *finngáalknat* meðal lærðra á miðöldum „ok þykkir spilla“ eins og Snorri ritaði. Járnsmiðsjötuninn umbreytist í úlf, kvígan í álft, þ.e. tvær myndir (e. *source*) eru notaðar um eitt og sama markið (e. *target*) í sömu vísunni, og er það lykilskilgreining nykraðs stíls á miðöldum.

Að lokum er það „andstæðuspennan“ sem er framkölluð milli úlfs og álftar í seinni hluta vísunnar. Ekki aðeins stillir skáldið upp dökkri og ljósri veru, heldur og dýrum sem eru andstæður í hugtaksveruleika norrænna manna: úlfur er rakin eyðilegging, svanur tjáir frið og fegurð, gjarna umkomulaus eins og við getum lesið í lausavísu Hallfreðar vandræðaskálds frá 10. öld.<sup>57</sup> Í því tilviki er það hinn „sveitti Grís“ (mannsnafn) sem þjarmar að álftinni fögru (konunni). Ég hef fært rök fyrir því annarsstaðar að andstæðuspennan hafi á heiðnum tíma verið hin ráðandi fagurfræðilega tilfinning dróttkvæða, sem sjá má að deyr út er hin klassíska fagurfræði festir sig í sessi – þó sjálft kenningakerfið sem menn notuðu langt fram eftir öldum hafi í raun verið byggt á þessari fornu fagurfræði.<sup>58</sup>


Þessi atriði samanlögð benda til þess að vísan sé tæplega ort af kristnum manni, nema við ætlum honum þeim mun meiri skitsófreníu: öll rök hníga að því að vísan sé frá heiðnum tíma eins og lærðir miðaldamenn segja; ort af manni sem aðhylltist allt aðra fagurfræði og aðra líkingahugsun en hinir lærðu sem rituðu vísuna niður.

\* \* \*

Ég nefndi að grunntilfinning vísunnar væri dauðageigur. Þetta kemur ekki síst fram í því að fyrst er búin til þjöl, og síðan endar skipið í hrömmum stormúlfsins sem sverfur það á þeirri sömu þjöl (sjá mynd 3). Í þessu liggur óútleystur óhugnaður, við vitum að tréborð sem er sorfið á þjöl mun að lokum eyðast og gatast. Í líkingunni má greina angist um það hvort skipið muni ná í höfn áður en báru sjóþjalarinnar hafa sorfið sig í gegnum skipsborðin.

<sup>57</sup> *Skj* IB, bls. 160.

<sup>58</sup> Bergsveinn Birgisson, *Inn í skaldens sinn*, bls. 77–91; Bergsveinn Birgisson, „Konu- skegg og loðnir bollar“, bls. 123–139.



**Mynd 3.** Stormúlfur (selju-gandr) sverfur Gestils álft (skipið) á þjöl sjávar (bárunum). (Kjartan Hallur Grétarsson, 2006. Eig. BB.)

Nú er það þekkt tilgáta innan sálfræða að mikil lífsógn eða nærdauðareynsla geti vakið upp bældar hugarmyndir sem tengdar eru fyrri reynslu af því sama; þ.e. hugarmyndir og tilfinningar hinnar tramatísku reynslu vakna úr dvala ef viðkomandi er staddur í aðstæðum sem kveikja eða ýfa upp (e. *trigger*) hina upprunalegu reynslu. Í þessu samhengi er mikilvægt að við veitum því athygli að það er *járnsmiður sem ógnar lífi ljóðmælanda*. Umbreyting hans yfir í úlf í seinni helmingi vísunnar tekur af allan vafa um hið vægðarlausu innræti (sbr. „eirar vanr“); járnsmiðurinn er úlfgerður. Ef við nú treystum innsæi hugfræða og sálfræða, auk þess sem við gefum okkur að járnsmiðslíkingin sé úr hjarta skáldsins sprottin, þá blasir við nokkuð athyglisvert dæmi. Dauðageigur ljóðmælanda sem staddur er í stormsjó virðist vekja upp reynslu af annarri ógn þar sem járnsmiður er í hlutverki ógnandans, m.ö.o. má ætla að ljóðmælandi hafi upplifað að járnsmiður hafi ógnað sér eða jafnvel reynt að drepa sig, ef við gefum okkur það innsæi Jungs að lógískt samhengi sé milli hugarmynda og traumatískrar lífsreynslu. Nú rímar þetta við það sem kemur fram í *Egils sögu*. Fóstra Egils, Þorgerður brák, mælti er hún sá hvar Skalla-Grímur hefur „þrútnað“ og er á góðri leið með að drepa son sinn tólf vetra gamlan eftir að hafa farið halloka fyrir honum í knattleik: „Hamask þú nú, Skalla-Grímr, at syni þínum“.<sup>59</sup> Þessi innblöndun varð Agli til lífs, en Brák að fjörtjóni.

<sup>59</sup> *Egils saga*, bls. 101.

Í stuttu máli hafa hér verið færð fagurfræðileg, líkingafræðileg og sálfræðileg rök fyrir því að siglingavísa sú sem eignuð er Agli Skallagrímssyni geti tæplega verið ort af lærðum mönnum hámiðalda. Í fyrsta lagi er fagurfræði vísunnar afar ólík þeirri er var við Lýði á hámiðöldum, og í öðru lagi verðum við að eigna miðaldamönnum innsæi í líkingahugsun mannsins sem kalla má nýtilkomið í sögulegu samhengi. Þessi líkingahugsun gengur út á að skáldlegar og persónulegar líkingar endurspegli lífssögu líkingasmiðsins. Í þriðja lagi rennir vísan stoðum undir að arfsagnir þær, skráðar í *Egils sögu*, er greina frá því hvernig Skalla-Grímur ógnaði fólki í kringum sig og einnig lífi Egils, eigi við sagnfræðilegan veruleika að styðjast að einhverju leyti.

Hér höfum við því séð eitt dæmi þess hvernig nýta má greiningarmódel hugrænna fræða á skáldlegar líkingar, og byggja áfram á þeim grunni með því að leita til eldri skáldskaparfræðihefða, sálarfræða og hugsálarfræða. Innsæi hugrænna fræða í mannshugann var tekið inn í umræðuna um gildi dróttkvæða og Íslendingasagna sem sögulegra heimilda. Þetta er mestur styrkur hugrænna fræða eins og ég lít á málin, innsæi þeirra getur varpað nýju ljósi á fjölmörg svið innan húmanískra fræða; hér er það einungis ímyndunaraflíð sem setur fólki skorður.

## ÚTDRÁTTUR

### Stuttur kveikur Skallagríms: Tvær umþenkingar um hugræn fræði

Þessi grein fjallar um hugræn líkingafræði. Byrjað er á því að tæpa líttillega á íslenskri umræðu um líkingar og geðshræringar, það borið saman við hugræna líkingaumræðu og dregið fram hvað nýtt þau fræði hafi fram að færa. Í öðrum hluta er umfjöllun hugfræðinga um reiðilíkingar gerð nokkur skil, síðan eru nokkrar algengar reiðilíkingar í norrænu og íslensku máli teknar til skoðunar. Lokahlutinn fjallar um hugræn skáldskaparfræði og eru þau nýtt til greiningar á fornu dróttkvæði norrænu. Þar er í senn stuðst við innsæi hugfræða, en einnig sýnt fram á hvernig leita þarf til eldri skáldskaparfræðihefða er kemur að krufningu skáldlegra líkinga. Sú greining sýnir, þvert á viðtekna gagnrýni á Íslendingasögur sem sögulegar heimildir, að líkingahugsun vísunnar meggi einnig finna í öðrum kvæðum sem menn ætla frá heiðnum tíma, meðan hún er á margan veg ólík líkingahugsun og fagurfræði kristinna hámiðalda.

*Lykilorð:* Hugfræði, líking, hugtakslíking, hugræn skáldskaparfræði, dróttkvæði.



ABSTRACT

**The Short Fuse of Skalla-Grímr:  
Two Reflections on Cognitive Science**

This article is concerned with cognitive theory of metaphor. It begins with a little survey of Icelandic discussion on metaphors and cognition, along with the insights of cognitive theory of metaphor. In the second part a survey of cognitive discussion on anger-metaphors is given, following a discussion on some central anger-metaphors in Old Norse and Icelandic. The third part is concerned with cognitive poetics and an Old Norse skaldic stanza. Cognitive poetics is used to analyze the metaphors, but in addition it is shown how one is bound to make use of older poetics in such endeavour. The case study in question suggests, in contrast to the traditional critical view of Icelandic Sagas as historical sources, that the metaphorical thinking in the stanza can be detected in other poems dated to the pre-Christian era, while the stanza is in many ways distinctive from the classical aesthetics of the Middle Ages.

*Keywords:* cognitive science, metaphor, conceptual metaphor, cognitive poetics, skaldic poetry.